

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um hafnalög (ríkisstyrkir o.fl.), 234. mál**

Hafnasamband Íslands hélt Hafnasambandsþing í Vestmannaeyjum dagana 20. og 21. september 2012. Þar var m.a. fjallað um breytingar á hafnalögum. Á fundinum var m.a. samþykkt eftirfarandi ályktun:

„38. hafnasambandsþing haldið í Vestmannaeyjum dagana 20. og 21. september 2012 beinir þeim tilmælum til innanríkisráðherra að á haustþingi 2012 verði lagt fram frumvarp til breytinga á hafnalögum, sem grundvallast á tillögu fulltrúa Hafnasambands Íslands í nefnd ráðherra um efnið. Hafnasambandsþing telur mikilvægt að þátttaka ríkisins í endurnýjun og nauðsynlegum stofnframkvæmdum við hafnir sé óhjákvæmileg og hvetur til þess að samhliða frumvarpi verði lögð fram tillaga að reglugerð um framkvæmd laganna í þessu efni.“

Þá var fjallað um þá tillögu sem fulltrúar Hafnasambands Íslands gerðu í þeirri nefnd sem innanríkisráðherra skipaði um breytingar á hafnalögum og voru þingfulltrúar almennt sammála efni tillögunnar en samþykktu þó að leggja til eftirfarandi breytingar.

1. Í 7. gr. er tillaga að breytingu á 24. grein laganna. Nefndin leggur til að í c-lið falli út orðið „skjólgarð“ undir nýframkvæmdum og lagt til að skjólgarðar verði styrkhæfir um 90%.
2. Í sömu grein c-lið verði hlutfall nýframkvæmda 60% í stað 50%.
3. Í 4. grein er gerð tillaga að breytingu á 17. grein laganna. Nefndin leggur til aflagjald verði minnst 1,5%.
4. Hafnalaganefnd leggur til að virðisaukaumhverfi hafna verði það sama hvort sem rekstrarform hafnar sé í eigu sveitarfélags án sérstakrar hafnarstjórnar eða höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags.

Þá hefur stjórn Hafnasambands Íslands fjallað um fyrirbyggjandi frumvarp og áður gert sömu athugasemdir og Hafnasambandsþing ályktaði um. Að auki vill stjórnin koma eftirfarandi á framfæri:

Stjórnin er sammála meginefni frumvarpsins og leggur áherslu á að það verði samþykkt sem lög frá Alþingi. Auk ofangreindrar ályktunar Hafnasambandsþings vill stjórnin koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

- a) Fulltrúar Hafnasambands Íslands í nefnd sem endurskoðaði núgildandi hafnalög lögðu til að í frumvarpi til breytinga á lögnum yrði styrkhlutfall endurbóta 90% og nýframkvæmda 60%. Þau sjónarmið eru hér ítrekuð.

- b) Af hálfu Hafnasambands Íslands er eindregið óskað eftir því að eftirfarandi verði bætt við ákvæði 17. greinar hafnalaga: „Kaupandi afla innheimti gjaldið hjá seljanda og standi höfn skil á því“ og „Sama á við um uppboðsmarkaði sjávarafla sbr. lög nr.79/2005.“ Umrædd málsgrein myndi því hljóða þannig: „Skipstjóra, útgerðarmanni og eiganda skips ber að greiða til hafnar gjöld [skv. a-, c-, d- og e-lið]. Kaupandi afla skal innheimta aflagjaldið hjá seljanda og standa höfn skil þá því. Sama á við um uppboðsmarkaði sjávarafla sbr. lög. 79/2005. Móttakandi vöru skal greiða til hafnar gjöld .....o.s.frv.“
- c) Ljóst er að við lögleiðingu frumvarpsins þarf að setja skýrar reglur um þau skilyrði sem hafnir þurfa að uppfylla til þess að njóta framlags ríkisins til endurbóta eða nýframkvæmda. Æskilegast og eðlilegast væri að reglugerð um þetta efni lægi fyrir áður en frumvarpið er samþykkt af Alþingi. Fyrst svo er ekki þá beinir hafnasambandið því til Alþingis og innanríkisráðherra að fullt samráð verði haft við Hafnasambandið um þær reglur sem útfærðar verða í þessu efni.
- d) Af hálfu Hafnasambands Íslands er bent á mikilvægi þess að við útfærslu reglna um framlög ríkisins til framkvæmda verði jafnræðis gætt milli hafna.
- e) Í 1. grein frumvarpsins er fjallað um neyðarhafnir. Ljóst er að setja þarf reglugerð um atriði sem varða neyðarhafnir, en af hálfu hafnasambandsins er skýr afstaða þess efnis að þær hafnir sem flokkaðar verði sem neyðarhafnir hafi ekki af því kostnað. Því verður að tryggja neyðarhöfnum skaðleysi eins og evrópskar reglur gera ráð fyrir og er óskað eftir að haft verði fullt samráð við hafnasambandið um útfærslu þeirra reglna sem settar verða um neyðarhafnir.

Framangreindum efnisbreytingum er hér með komið á framfæri og óskað eftir að þær verði teknar til efnislegrar skoðunar við gerð endanlegs frumvarps um breytingar á hafnalögum. Þær breytingar sem Hafnasamband Íslands leggur til á hafnalögum eru mikilvægar til þess að styrkja hlutverk hafna fyrir atvinnulíf byggða og samgöngukerfi landsins.

Virðingarfyllst  
HAFNASAMBAND ÍSLANDS

---

Gísli Gíslason  
formaður Hafnasambands Íslands